

**Fundargerð 33. fundar stjórnar Fiskeldissjóðs
19. maí 2022 kl. 11:00**

Fundarstaður: TEAMS

**Mættir: Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og
Hallveig Ólafsdóttir.**

Dagskrá:

1. Fundargerð 31. og 32. fundar yfirfarin og borin upp til samþykktar.
Frestað.

2. Afgreiðsla svarbréfa til umsækjenda.

Hallveig kynnti tillögu að svarbréfum til umsækjenda. Umræða um nánari skýringu á 67% skerðingu úthlutaðra styrkja vegna þess mismunar sem er á fjárhæð samþykktra umsókna og fjárveitingar til úthlutunar, sbr. eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Styrkfjárhæð} = 67\% * [(Fjárhæð umsóknar) * \frac{(einkunn verkefnis)}{(Hæsta einkunn allra verkefna)}]$$

Allar umsóknir voru skertar um 67% til þess að samtala úthlutaðra styrkja væri 185,1 m.kr., sem er sú fjárhæð sem sjóðurinn hefur til úthlutunar. Styrkfjárhæð réðst síðan af hlutfallslegri einkunn viðkomandi verkefnis miðað við hæstu einkunn allra verkefna.

Styrkleiki þessarar aðferðafræði er sá að verkefni sem falla vel að áherslum sjóðsins skerðast minna en önnur. Þar með er samhljómur í áherslum sjóðsins og niðurstöðu mats á þeim verkefnum sem hljóta styrk.
Samþykkt.

3. Greinargerð stjórnar til ráðherra og tillaga að fréttatilkynningu matvælaráðuneytis um úthlutun 2022 lögð fram að nýju.
Samþykkt og Hallveigu falið að ganga frá erindinu.

4. Önnur mál.

Hallveig kynnti drög að minnisblaði skrifstofunnar til ráðherra.

Ákveðið að stjórnarmenn lesi það yfir og skili ábendingum sínum til hennar í tölvupósti.

Fundi slitið kl. 12:00